

Alþingi
Erindi nr. P 140/1403
komudagur 28. 2. 2012

Garðabæ, 28. febrúar 2012

Til umhverfis-og samgöngunefndar Alþingis.

Efni: Lagning nýs Álftanesvegjar.

v. 393. mál

Við íbúar við Álftanesveg sendum bréf dagsett 15. ágúst 2011 til skipulagsnefndar Garðabæjar, vegna legu nýs Álftanesvegjar. Afrit var sent Vegagerðinni, bæjarstjóranum í Garðabæ og bæjarstjóranum á Álftanesi. Þann 7. febrúar síðastliðinn var lagt fram í bæjarráði Garðabæjar bréf um sama efni frá Hraunavinum. Þess er getið í bréfi Hraunavina til bæjarstjórnar Garðabæjar að bréf þeirra hafi meðal annarra verið sent Umhverfisstofnun og umhverfis-og samgöngunefnd Alþingis.

Til þess að umhverfis-og samgöngunefnd Alþingis fái sem skýrasta mynd af afstöðu þeirra aðila sem að málinu koma sendum við nefndinni bréf okkar. Þá er meðfylgjandi afgreiðsla bæjarstjórnar Garðabæjar á erindi okkar um málið.

Fyrir hönd íbúa og eiganda Hraunflöt, Hrauntúni, Lyngprýði, Stígprýði og Hraunprýði.

Sölvi Þór Bergsveinsson

Sölvi Þór Bergsveinsson
Hraunprýði 3, 210 Garðabæ
solvi@samsyn.is
s:868 6688

Afrit sent: Umhverfisstofnun og Innanríkisráðuneyti

Skipulagsnefnd Garðabæjar
Bt. Stefán Konráðsson, formaður
Garðatorgi 7
210 Garðbær.

Garðabær 15. ágúst 2011

Efni: Álftanesvegur (415).


Með bréfi þessu til Skipulagsnefndar óskum við íbúar og eigendur í Lyngprýði, Stígprýði og Hraunprýði í Garðahrauni eftir að fá að vita um stöðu framkvæmda á nýju vegastæði Álftanesvegar sem Skipulagsnefnd Garðabæjar samþykkti framkvæmdaleyfi fyrir á fundi sínum 5. mars 2009. Framkvæmdaleyfið var svo gefið út af skipulagsfulltrúa 7. apríl sama ár. Verkið var boðið út af Vegagerðinni í febrúar 2009 og skv. vef Vegagerðarinnar átti Loftorka Reykjavík lægsta boðið í verkið.

Ein af megin ástæðum þess að við íbúar sóttum um lóð fyrir framtíðarheimili fjölskyldna okkar í Garðahrauni, var að þar sáum við tækifæri til að búa í rólegu og fallegu umhverfi Garðabæjar í nálægð við borgina. Þá var óneitanlega ein af forsendum lóðarumsókna okkar að í hluta 1.2 í skipulagslýsingu fyrir Garðahraun við Álftanesveg er kynnt ný lega Álftanesvegar sem og að núverandi Álftanesvegur verði að safngötu.

Það þarf ekki að eyða mörgum orðum í að lýsa þeim óþægindum sem núverandi vegastæði hefur í för með sér fyrir okkur íbúana á svæðinu auk þess sem slysaþættu stafar af veginum sérstaklega fyrir börn sem oft eru að leik í nágrenni hans. Á veginum er aksturshraði hjá mörgum allt of mikill og vel yfir því sem eðlilegt getur talist í svo mikilli nálægð við íbúðabyggð. Þá er hljóðmengun gífurleg. Hraðatakörkun sú sem bæjaryfirvöld sá um að sett var á veginn hefur því miður ekki skilað þeim árangri sem væntingar stóðu til.

Við undirrituð óskum því eftir fundi með bæjarstjóra, formanni skipulagsnefndar og fulltrúa frá Vegagerðinni, til þess meðal annars að fá upplýsingar um stöðu framkvæmda við Álftanesveginn, úrlausnir og framtíðarhorfur fyrir metnaðarfullri ímynd hverfisins sem við horfum til og viljum fá að njóta.

Fyrir hönd íbúa og eiganda Lyngprýði, Stígprýði og Hraunprýði.



Sölvi Þór Bergsveinsson
Hraunprýði 3
solvi@samsyn.is
s:868 6688

Afrit sent:

Vegagerðin.
Bt. Hreinn Haraldsson,
vegamálastjóri
Borgartúni 5-7
105 Reykjavík.

Garðabær.
Bt. Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Sveitarfélagið Álftanes
Bt. Pálmi Þór Músson
Bæjarstjóri
Bjarnarstöðum
225 Álftanes

Nafn

Heimilisfang

Sigrún Ósk Sigmundard.

Ánn Sv. Mathíasen

Mania Bj. Guðmundsd.

Agnes Mús Ónsson

~~Þorgerður~~

Cansig Cansigóttir

Stefnir Stefánsson

Þurunn Árnadóttir

Margrétur Sigmundardóttir

Fructelja Björnsd.

~~Þorgerður~~

Þuridur Sveinundardóttir

Þingbjörg, Grétisdóttir

Þuridur Þorsteinsson

Guðrún S. Smalbj.

Lýngprjafi 7

- u -

Lýngprjafi 9

Lýngprjafi 9

Lýngprjafi 4

Lýngprjafi 4

Lýngprjafi 5

Lýngprjafi 5

Skammtprjafi 2

Skammtprjafi 2

Skammtprjafi 1-7

Hraunprjafi 3

Hraunprjafi 3

- 11 - 6-12

270455 4159



GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Innanríkisráðherra, Ögmundur Jónasson
Innanríkisráðuneytinu
Skuggasundi
150 REYKJAVÍK

Garðabæ, 16. september 2011
2009020226

Efni: Álftanesvegur

Á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar fimmtudaginn 15. september sl. var eftirfarandi tillaga samþykkt:

„Bæjarstjórn Garðabæjar skorar á samgönguyfirvöld að tryggja fjármagn til framkvæmda við lagningu nýs Álftanesvegar á samgönguáætlun sem nú er unnið að fyrir árin 2011 til 2014.“

Greinargerð:


Í mars 2009 samþykkti bæjarstjórn Garðabæjar að veita Vegagerðinni leyfi til framkvæmda við nýjan Álftanesveg en fjármagn til þeirrar framkvæmdar var á samgönguáætlun frá árinu 2007. Megintilgangurinn með lagningu vegarins er að bæta vegasamband, tryggja greiðari samgöngur til Álftaness og umfram allt að auka umferðaröryggi.

Lega nýja vegarins er samkvæmt samþykktu svæðisskipulagi fyrir höfuðborgarsvæðið og aðalskipulagi Garðabæjar og er í samræmi við niðurstöðu umhverfismatsferlis sem fram fór á árinu 2002.

Í framhaldi af áðurnefndri ákvörðun ríkisins, á árinu 2007, um að hrinda í framkvæmd lagningu nýs Álftanesvegar auglýsti Garðabær lóðir til úthlutunar í nýju íbúðahverfi við Garðahraun. Samkvæmt deiliskipulagi fyrir hverfið er gert ráð fyrir að núverandi Álftanesvegur breytist úr því að vera stofnbraut í safnbraut fyrir viðkomandi hverfi og að nýr Álftanesvegur verði lagður í samræmi við aðalskipulag og svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins. Þrátt fyrir að fé hafi verið veitt til framkvæmdanna á samgönguáætlun 2007 hefur ekki orðið af þeim enn heldur hefur þeim ítrekað verið frestað.

Núverandi Álftanesvegur er í raun gamall slóði sem lagður hefur verið bundnu slitlagi og uppfyllir í engu þeim skilyrðum sem eðlilegt er að gera um stofnbrautir í þéttbýli. Þær mörgu tengingar sem nú eru á veginum gera hann hættulegan enda er slysatíðni á veginum há. Það er því brýnt að hefja þegar framkvæmdir við lagningu nýs Álftanesvegar til að tryggja umferðaröryggi íbúa Garðabæjar og Sveitarfélagsins Álftaness sem daglega þurfa að fara leiða sinna um gamla Álftanesveginn.

Virðingarfyllt,


Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri

Ljósrit sent:
Þingmenn SV-kjördæmis
Vegagerðin